

Allar skattskyldar tekjur eru notaðar við útreikning á lífeyri og tengdum greiðslum, svo sem atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur. Búseta erlendis getur lækkað greiðslurétt frá Tryggingastofnun.

Helmingur fjármagnstekna hjóna / sambúðarfólks hefur áhrif á útreikning hjá hvoru fyrir sig. Aðrar tekjur maka en fjármagnstekjur hafa ekki áhrif á útreikning lífeyris.

Auðvelt er að setja forsendur inn í reiknivél lífeyris á tr.is til að skoða áhrif tekna og búsetuhlutfalls á greiðslur

Tafla 1. Frítekjumörk - Hvað má hafa í tekjur án þess að það hafi áhrif á útreikning?	
Tegund tekna	Tekjutrygging og heimilisuppbót
Atvinnutekjur	1.315.200
Lífeyrissjóðstekjur	328.800
Fjármagnstekjur, t.d. vextir, verðbætur, söluhagnaður og leigutekjur	98.640

Lífeyrissjóðstekjur hafa ekki áhrif á grunnlífeyri. Forsenda greiðslu tekjutryggingar, heimilisuppbótar og uppbóta er grunnlífeyrir

Tafla 2. Helstu upphæðir sem notaðar eru þegar lífeyrir og tengdar greiðslur eru reiknaðar						
Réttindi	Upphæðir		Frítekjumörk		Greiðslur falla niður	
	á mán.	á ári	á mán.	á ári	á mán.	á ári
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir	49.840	598.080	214.602	2.575.220	413.962	4.967.540
Aldurstengd örorkuuppbót (100%)	49.840	598.080	214.602	2.575.220	413.962	4.967.540
Tekjutrygging	159.604	1.915.248	Sjá töflu 1		416.177	4.994.128
Heimilisuppbót	53.948	647.376	Sjá töflu 1		416.177	4.994.128
Annað	á mán.	á ári	á mán.	á ári	á mán.	á ári
Framfærsluuppbót ¹ - án heimilisuppb.	265.044					
Framfærsluuppbót - með heimilisuppb.	333.258					
Örorkustyrkur (16 til 61 árs)	36.845	442.140	214.602	2.575.220	411.110	4.933.316
Örorkustyrkur (62 til 67 ára)	49.840	598.080	214.602	2.575.220	413.962	4.967.540
Uppbót á lífeyri ² - 5 til 140% af lífeyri					261.773	3.141.270
Uppbót vegna reksturs bifreiðar	18.421	221.052			413.962	4.967.540
Ráðstöfunarfé	79.859	958.308			122.860	1.474.320

Hlutfall frádráttar eftir að frítekjumörkum er náð er mismunandi eftir greiðslutegundum, sbr. töflu 3

Tafla 3. Tegundir lífeyris	Skerðingarhlutfall
Örorku- og endurhæfingarlífeyrir	25%
Aldurstengd örorkuuppbót er fast hlutfall af örorkulífeyri og miðast við aldur við fyrsta örorkumat	25%
Tekjutrygging: Viðmiðunartekjur lífeyris upp að 2.575.220 kr.	38.35%
Tekjutrygging: Viðmiðunartekjur lífeyris yfir 2.575.220 kr.	13.35%
Heimilisuppbót örorku- og endurhæfingarlífeyris	12.96%
Ráðstöfunarfé	65%

¹ Sérstök uppbót til framfærslu (framfærsluuppbót) er greidd ef allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá Tryggingastofnun, eru undir tekjuviðmiði. Það sem vantar upp á að tekjuviðmiði sé náð er þá greitt sem sérstök uppbót til framfærslu. Við útreikning sérstakrar uppbótar koma 65% af tekjum lífeyrisþega, 95% af tekjutryggingu lífeyrisþega og 50% af aldurstengdri örorkuuppbót frá Tryggingastofnun, auk 100% af öðrum greiðslum Tryggingastofnunar, til frádráttar. Aðrar uppbætur á lífeyri eru ekki teknar með við útreikning sérstakrar uppbótar.

² Uppbót á lífeyri: Getur verið 5-140% af lífeyri. Allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum greiðslum frá Tryggingastofnun öðrum en aldurstengdri örorkuuppbót, hafa áhrif á útreikning. Uppbót fellur niður ef eignir í peningum og/eða verðbréfum fara yfir 4 milljónir hjá einstaklingi eða 8 milljónir hjá hjónum. Uppbót á lífeyri er skattfrjáls greiðsla.

Mælt er fyrir um útreikning lífeyris í lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, og uppbóta í lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007.